

GJALDSKRÁ

fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa, Þingeyjarsveit.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

2. gr.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

3. gr.

Fast gjald, kr. 81.380, er lagt á þá báta sem stunda farþegaflutninga til eyjarinnar s.s. skemmtiferðaskip og hvalaskoðunarbátar. Auk þess er greitt fyrir hvern farþega með farþegabátum, 1 evra á hvern fullorðinn farþega.

4. gr.

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal tilkynna um fjölda farþega og bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skirteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Sorphirða/úrgangsstjórnun.

5. gr.

Engin móttaka né meðhöndlun er á úrgangi í Flatey því er ekki heimilt að losa úrgang, farmleifar, olíuleifar eða nokkuð annað á eða við Flateyjarhöfn. Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips ber ábyrgð á úrgangsförvörnum, að lágmarka magn úrgangs og gæta þess að enginn úrgangur sé skilinn eftir í Flatey.

Gildistaka.

6. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa er samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á fundi hennar 12. desember 2024 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa, Þingeyjarsveit nr. 66/2024.

Þingeyjarsveit, 12. desember 2024.

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.